

Nr. 082 / 13 Viðar ÍS 500**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2493
Smíðaður: Akranes 2001, plast
Stærð: 5,79 brl. 4,20 bt.
Mesta lengd: 8,32 m Skráð lengd: 7,51m
Breidd: 2,40 m Dýpt: 1,06 m
Vél: Volvo Penta 160 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Viðar©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júní 2013 var Viðar ÍS 500 að strandveiðum á Horngrunni á Vestfjarðamiðum. Veður: Hægviðri

Á veiðunum vakti aðvörunarkerfi vélarinnar athygli á yfirhitun hennar og rafmagnshleðsla féll. Skipstjóri stöðvaði vélina þegar í stað og sá að reimin fyrir rafal og kælivatnsdælu hafði slitnað. Hann ætlaði að setja nýja reim á en fann þá út að kúlulega í titringsjafnara var brotin svo tilganglaust var að setja nýju reimina við og óskaði skipstjórinn þá eftir aðstoð. Það var Jóí ÍS 37 sem dró Viðar til hafnar í Bolungarvík.

Nefndarálit:

Nefndi ályktar ekki í málinu.